



Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð

22. fundur Skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Stjórnsýsluhúsinu Borg, 8. október 2024 klukkan 14:15.

Fundinn sátu:

Pétur Thomsen, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Guðmundur Finnbogason, varafulltrúi sveitarstjórnar í fjarveru Guðrúnar Helgu Jóhannsdóttur

Anna Margrét Sigurðardóttir, fulltrúi sveitarstjórnar, forfallaðist

Anna Katrín Þórarinsdóttir, fulltrúi kennara, forfallaðist

Iða Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri

Sigrún Hreiðarsdóttir, skólastjóri

Sigríður Þorbjörnsdóttir, deildarstjóri leikskóla

Guðrún Ása Kristleifsdóttir, deildarstjóri grunnskóla

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Pétur Thomsen.

1. Fjárhagsáætlun fyrir 2025

Vinna er í gangi í skólanum við undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025. Fundir verða haldnir á næstu dögum og drög að fjárhagsáætlun lög fyrir næsta fund Skólanefndar.

2. Skólaþing

Að ósk Kerhólsskóla verður skólaþingið fært til 27. febrúar 2025.

3. Eineltisáætlun

Eineltisáætlun skólans var rædd. Þar er ýmislegt sem þarf að uppfæra í texta og laga. Einnig vantar inn allt um rafrænt einelti.

Uppfærð áætlun verður kynnt á næsta Skólanefndarfundum.

Búið er að uppfæra neyðaráætlun skólans og verður hún einnig kynnt á næsta fundi.

4. Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun skólans var skoðuð. Þar er ýmislegt sem þarf að bæta og uppfæra að nýlegri jafnréttisáætlun sveitarfélagsins. Uppfærð jafnréttisáætlun verður kynnt fljótlega.

5. Menntaþing

Skólastjóri fór yfir helstu atriði af menntaþingi. Þar kom ýmislegt upplýsandi fram. Nefndin ætlar að kynna sér fyrirlestran á þinginu, en upptaka af þeim er aðgengileg á netinu.



Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

6. Dagsetning næsta fundar

Næsti fundur verður fluttur aftur um eina viku. Hann verður haldinn 12. nóvember klukkan 14:15.

7. Önnur mál:

- *Nýtt merki skólans*
Mikil og góð vinna hefur farið fram í skólanum við hönnun og val á nýju merki skólans. Allir nemendur og starfólk skólans hafa komið að þeirri vinnu. Elín María Halldórsdóttir hönnuður tók svo við keflinu og kom með tillögu að nýju merki skólans. Skólanefnd samþykkir samhljóða tillöguna að nýju merki Kerhólsskóla og sendir til sveitarstjórnar til afgreiðslu. Sjá viðhengi.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:15